

Þóttu þessir menn
Dí. 27. mars 1900

Þýsk þrautseigja.

Ammianus Morcellinus, griskur maður sem ritaði á latínu og samdi mikið og merkilegt söguverk á 4. öld vors tímatafs, segir frá því hversu Valentinianus keisari hafði miklar áhyggjur af því, hvornig hann setti að brjóta á bak aftur Alamanna; en svo nefndist þjóðasamband fjölment, á Þýskalandi hinu forna. Er af þeim leitt nafn Frakka á Þjóðverjum: Allemands. En Alamannar — segir Ammianus — voru illir viðureignar, því að þó að þeir væru sigraðir hvað eftir annað, og biðu stórkostlegt manntjón, þá efldust þeir jafnan svo aftur, að engu var líkara en að þeir hefðu ekki fyrir neinum skakkaföllum orðið. Ammianus Morcellinus, 28. bók, þýðing Ullmanns (norsk) s. 275.

Manni kemur í hug, þegar hann les þetta, hvort það gæti ekki stuðlað að því að flýta fyrir friði, ef það væri lýðum ljóst, að það er jafnvel ennþá ólíklegra nú en á dögum rómversku keisaranna, að það geti með ófriði tekist að brjóta Þjóðverja svo á bak aftur, að þeir rétti ekki við aftur og verði jafnvel enn öfugri en þeir voru áður.

9. mars.

Helgi Pjetursson.

LEIÐRÉTTING.

Í greininni um Freud og forustu vísindanna í Sdbl. Vísis 4. febr., voru nokkrar misprentanir sem gera erfiðara um skilning. Á eftir e. Kr. á að vera Með en ekki með (þ: ný setning.) Í greinarlokin eins: Þó hefi eg séð þess getið, en ekki: þó o. s. frv.

Fyrir gæti átt sér stað, les: geti o. s. frv.

H. P.